



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

SKÓLAÞING ÁSLANDSSKÓLA

Kæru nemendur / foreldrar

Skólaþing verður haldið í Áslandsskóla miðvikudaginn 13. nóvember 2013 frá klukkan 8.10 og fram að hádegismat. Er þetta í fyrsta skipti sem skipulag er með þessum hætti á einum af sveigjanlegum skóladögum haustsins.

Einn af grunnþáttum menntunar er Lýðræði og mannréttindi og má segja að sá grunnþáttur tengist með beinum hætti skipulagi skólaþings.

“Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og

hafa áhrif nær og fjær.” (úr Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls 21)

Markmiðið með skólaþingi er að nemendur geti haft áhrif á skólann sinn og þær ákvarðanir sem eru teknar, enda mikilvægt að raddir nemenda og skoðanir séu virtar.

Lýðræði snýst ekki um að sigra heldur um að taka þátt, það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu. Ef það á að vera réttlátt þá þurfa allir að hafa jafna möguleika til að taka þátt.

“Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður það verkefni að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildum hvers

og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði”.

Í Flórgoða dagsins gefur að líta skipulag skólaþings 2013, hver umræðuefnin eru og hverjar eru lykilsurningar í hverri deild fyrir sig.

Í kjölfar þings förum við yfir tillögur þingfulltrúa og metum framhaldið.

Auk þess munum við skoða vandlega framkvæmd þingsins og hvernig skipulagi þess verður best háttað á næsta skólaári.

Með skólakveðju

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

SKÓLAÞING 2013

Yngri deild

Miðdeild

UMRÆÐUEFNI:

1. Frímínútur
2. Matartími
3. 3 jákvætt / 1 sem má bæta
4. Sérhæfð umræða eftir aldri nemenda

VANGAVELTUR

Frímínútur

- Hvað gengur vel
- Hvað má bæta

Matartími

- Hvað gengur vel
- Hvað má bæta

Nefndu þrjá þætti sem eru jákvæðir í skólanum

Nefndu eitt atriði sem má bæta í skólanum

UMRÆÐUEFNI:

1. Frímínútur
2. Matartími
3. 3 jákvætt / 1 sem má bæta
4. Sérhæfð umræða eftir aldri nemenda

VANGAVELTUR

Frímínútur

- Hvað gengur vel
- Hvað má bæta

Matartími

- Hvað gengur vel
- Hvað má bæta

Nefndu þrjá þætti sem eru jákvæðir í skólanum

Nefndu eitt atriði sem má bæta í skólanum

Sveigjanlegur skóladagur

Miðvikudagurinn 13. nóvember er sveigjanlegur dagur á skóladagatali. Allir nemendur mæta í skólann kl. 8.10 þennan dag og starfa fram yfir hádegisverð. Eftir hádegisverð fara þeir sem eiga dvöl í heilsdagsskóla þangað, aðrir nemendur heim á leið. Nemendur munu einbeita sér að skólalæringi þennan dag og fara því ekki í skólaíþróttir.

SKÓLAÞING 2013

Unglingadeild

UMRÆÐUEFNI:

1. Notkun snjallsíma í skólastarfi
2. Frímínútur
3. Matartími
4. 3 jákvætt / 1 sem má bæta

VANGAVELTUR

Snjallsímar

- Hvaða jákvæð áhrif hefur notkun snjallsíma í skólastarfi
- Hvaða neikvæð áhrif hefur notkun snjallsíma í skólastarfi

Frímínútur

- Hvað gengur vel
- Hvað má bæta

Matartími

- Hvað gengur vel
- Hvað má bæta

Nefndu þrjá þætti sem eru jákvæðir í skólanum

Nefndu eitt atriði sem má bæta í skólanum

SKÓLARÁÐ

Lögum samkvæmt er skólaráð samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólaráð sé virkt og það setji sér starfsreglur.

Í skólaráði Áslandsskóla skólaárið 2013-2014 sitja:

Leifur S. Garðarsson skólastjóri

Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

Smári Snær Sævarsson fulltrúi nemenda

Hekla Sóley Arnarsdóttir fulltrúi nemenda

Kristín Dögg Höskuldsdóttir fulltrúi foreldra

Pórey Hallbergsdóttir fulltrúi foreldra

Díana Ívarsdóttir fulltrúi kennara

Jónína Dögg Loftsdóttir fulltrúi kennara

Katrín Karlotta Brandsdóttir fulltrúi annars starfsf.

Jónína Ósk Ingólfssdóttir fulltrúi grenndarsamfélags

DAGUR GEGN EINELTI



VINABEKKIR



VINABÖND



ÞJÓÐARSÁTTMÁLI GEGN EINELTI



VINABEKKIR



VINABÖND



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri